Leitast er við að taka tillit til núverandi byggðar og koma í veg fyrir skuggamyndun með því að takmarka hæð nýbygginga næst núverandi byggð og lágmarksfjarlægð nýbygginga frá lóðamörkum. Einnig er komið fyrir trjábeltum á austurmörkum lóða. Þetta á sérstaklega við um lóðirnar Laugalek 2a og Borgartún 35. Þá er reynt að stuðla að sem heillegastri ástand byggðar, er snýr að sjónum, með því að samræma hæðir húsa meðfram Sætúni.

## SKILMÁLAR

Lóðir Kirkjusandi:	Lóðarstærð	nýtingarhlutf. núv. hæsta	byggingarhlutf. mesta leyfil. byggingarmagn	leysta leyfil.
Laugarnesv. 91 (Byggingar SS)	22.989	0.46	0.79	18.236
Laugarnesv. 89 (Kjötiðnaðarst. Sis)	18.500	0.30	0.75	13.875
Laugalekur 2a (Höfuðstöðvar Sis)	23.241	0.35	0.75	17.431
Borgartún 35, SVR	33.500		0.75	25.125

Ekki er gert ráð fyrir breytingum á samþykkt skipulagsnefndar Reykjavíkur frá 11.04.1983 um uppbyggingu á lóðinni við Laugarnesveg 91.

Við endanlega uppbyggingu lóðanna við Laugarnesveg 89, Laugalek 2a og Borgartún 35 skal taka mið af eftirfarandi:

- Hámarksnýtingarhlutfall einstakra lóða er 0.75
- Afmarkaðir reitir með hæðartakmörkunum innan byggingarreits eru sýndir á skipulagsupprætti nr. 101-3.4 dags. 20.06.1990

Hámarkshæðir bygginga innan afmarkaðra reita mega vera sem hér segir:

Innan reits A (2 hæðir).....hámarkshæð útveggja: 7,3 m  
Innan reits B (4 hæðir).....hámarkshæð útveggja: 14,3 m

Innan reits C (allt að 10 hæðir)5 hæða bygging, hámarkshæð útveggja: 17,6 m  
10 hæða bygging, hámarkshæð útveggja: 34,1 m

Innan reits D (2-3 hæðir).....hámarkshæð útveggja er sú sama og hæðnuverandi bygginga innan reitsins.

Með hámarkshæð útveggja er átt við hæð frá gólfjari jarðhæðar.

Í öllum reitum (A,B,C,D) má mænir þaks vera allt að 2.0 m hærra en hámarkshæð útveggja.


- Notkun bygginga:  
Skrifstofu- og iðnaðarhúsnæði.
- Bifreiðastæði:  
Fjöldi bifreiðastæða á lóð skal vera eitt bifreiðastæði fyrir hverja 35 fm gólfplatar í skrifstofu- og þjónustuhúsnæði og eitt bifreiðastæði fyrir hverja 50 fm í iðnaðarhúsnæði.
- Girðingur:  
Tillögur að girðingum lóða skal leggja fyrir Borgarskipulag og síðan til endanlegrar samþykktar fyrir byggingarnefnd Reykjavíkur.
- Trjábelti:  
Lóðarhófum Laugalekjar 2a og Borgartúns 35 er skylt að gera og halda við 5 metra breiðu trjábelti á lóðum sínum meðfram austurlóðamörkum, eins og skipulagsupprættur nr. 101-3.4 dags. 20.06.1990 sýnir.

Reykjavík, 20.06.1990

Arkitektar FAI  
Gunnar Friðbjörnsson  
Reynir Adamsson,  
Laugavegi 18A,  
101 Reykjavík.  
sími: 24911.


## NÚVERANDI MYND

1:2000



## DEILISKIPULAG

1:2000



KIRKJUSANDUR STAÐGREINIR. 1.340, 1.345, 1.349.

Deiliskipulag sem markast af Kringlumýrarbraut og Sætúni að vestan og norðan, af byggð við Laugarnesveg að austan og af Borgartúni að sunnan var samþykkt í skipulagsnefnd Reykjavíkur þann 8.10.90

*Þorvaldur Þorvaldsson*

Deiliskipulag þetta var samþykkt í borgarráði/borgarstjórn Reykjavíkur þann 9.10.90

*Gunnar Friðbjörnsson*



Uppdráttur þessi var afgreiddur frá Skipulagsstjórn ríkisins til Félagsmálaráðuneytisins til staðfestingar þann 14.11.90

*Þorvaldur Þorvaldsson*  
*Haukur Þorgeirsson*  
*Ólafur Þorgeirsson*  
*Stefán Þorsteinsson*

Uppdráttur þessi staðfestist hér með samkvæmt 17. og 18. gr. laga nr. 19/1964. Félagsmálaráðuneytið þann 30.11.90

*Stefán Þorgeirsson*  
*Bergfríð Bergindóttir*



MSS24010229

## Verklagsreglur vegna samninga Reykjavíkurborgar og lóðarhafa um list í almannarými

Í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar um gæði og gott umhverfi í borginni er í samningsmarkmiðum Reykjavíkurborgar á uppbyggingarsvæðum, sem samþykkt voru á fundi borgarstjórnar þann 1. febrúar 2022, sett fram markmið Reykjavíkurborgar um að ákveðinni fjárhæð verði varið í listsköpun í almenningsrýmum á skipulagssvæðinu. Í þessu felst m.a. að áhugaverð listaverk séu hluti af almannarými og einkenni ný skipulagssvæði í borginni. Skal við það miðað að listaverkin séu þáttur í þeirri heildarmynd sem umhverfi og byggingum er ætlað að skapa, auðgi mannlíf og skapi áhugavert umhverfi. Listaverk geta verið hluti mannvirkis eða sjálfstæð verk í eða við mannvirki. Listaverk skulu unnin af öðrum en hönnuði mannvirkis.

Í sérstöku uppbyggingarsamkomulagi sem Reykjavíkurborg gerir við lóðarhafa er fjallað um þá tilteknu fjárhæð sem lóðarhafi skuldbindur sig til þess að leggja fram í þessum tilgangi. Fram kemur skuldbinding um að Reykjavíkurborg leggi til jafnháa fjárhæð. Teymi á vegum Reykjavíkurborgar, sem samanstendur af fulltrúum Listasafns Reykjavíkur og skipulagsfulltrúans í Reykjavík, vinnur að útfærslu verkefna á grundvelli listsköpunarákvæða uppbyggingarsamkomulaga, að höfðu samráði við önnur svið Reykjavíkurborgar eins og við á. Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara annast gerð uppbyggingarsamkomulaga og skal upplýsa teymið um gerð þeirra eftir undirritun. Áréttá skal að framlag Reykjavíkurborgar vegna listsköpunar takmarkast að hámarki við þá fjárhæð sem tilgreind er sem framlag lóðarhafa í uppbyggingarsamningnum og skal því allur kostnaður sem varðar framkvæmd og eftirfylgni ákvæðisins (uppsetning, val á listaverki o.s.frv.) vera innifalinn í fjárframlagi lóðarhafa og borgarinnar.

Um meðferð kostnaðar gildir eftirfarandi:

- Ef listaverk verður í eigu lóðarhafa skal bóka greiðslu lóðarhafa og framlag Reykjavíkurborgar á kostnaðarstað 4200, verk 30013 og stofna verkbeiðni sem inniheldur heiti lóðar. Tekið skal fram í samningi hvenær greiðsla á kostnaði við listaverk er greidd til lóðarhafa.
- Ef listaverk verður í eigu Reykjavíkurborgar skal færa greiðslur frá lóðarhafa á kostnaðarstað 3111, verk 30011 og stofna verkbeiðni sem inniheldur heiti lóðar. Listaverkið skal síðan eignfært hjá Reykjavíkurborg að frádregnu framlagi lóðarhafa.

Í þeim tilvikum sem gera þarf sérstaka samninga við lóðarhafa um framkvæmd og eftirfylgni ákvæðisins um listsköpun, annast teymið samskipti við lóðarhafa vegna þessara samninga. Til að gæta samræmis í þeim samningum gildir eftirfarandi um samningana:



## 1. Val á listaverki og staðsetning

- a) Þegar heildarfjárhæð til listsköpunar samkvæmt uppbyggingarsamkomulagi er 3 m.kr. eða lægri<sup>1</sup> skal koma fram í samningi að lóðarhafi skuli hafa samráð við teymið um val á listsköpun og upplýsa teymið um staðsetningu.
- b) Þegar heildarfjárhæð til listsköpunar samkvæmt uppbyggingarsamkomulagi er á bilinu 3 m.kr. til 15 m.kr. skal koma fram í samningi að lóðarhafi skuli semja við teymið um fyrirkomulag<sup>2</sup> við val á listaverki og hvar verk skuli staðsett.
- c) Þegar heildarfjárhæð til listsköpunar samkvæmt uppbyggingarsamkomulagi er 15 m.kr. eða hærrí skal koma fram í samningi að lóðarhafi skuli semja við teymið um fyrirkomulag við val á listaverki og að lóðarhafa sé ljóst að þegar um slíka fjárhæð sé meginreglan sú að haldin skuli samkeppni um val á listaverki.<sup>3</sup> Í samningi skulu jafnframt settar fram hugmyndir lóðarhafa og teymisins um staðsetningu verks.

## 2. Önnur ákvæði

- a) Í samningi skal koma fram að framlag Reykjavíkurborgar vegna listsköpunar takmarkast að hámarki við þá fjárhæð sem tilgreind er sem framlag lóðarhafa í uppbyggingarsamningnum og að allur kostnaður sem varðar framkvæmd og eftirfylgni ákvæðisins (t.d. uppsetning, val á listaverki o.s.frv.) sé innifalinn í fjárframlagi borgarinnar. Frekari greiðslur af hálfu borgarinnar komi því ekki til.
- b) Í samningi skal kveðið á um með skýrum hætti hvernig eignarhaldi verks skuli háttað og hvernig greiðslutilhögun á grundvelli samningsins skuli háttað.
- c) Í samningi skal kveðið á um það með skýrum hætti að lóðarhafi annist og beri ábyrgð á viðhaldi verks á.t.t. staðsetningar þess.
- d) Í samningi skal koma fram að óheimilt sé að flytja eða breyta staðsetningu á listaverkum nema með samþykki Listasafns Reykjavíkur og umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur.
- e) Í samningi skal koma fram að óheimilt sé að selja listaverk sem fjármögnuð eru samkvæmt uppbyggingarsamkomulagi nema með samþykki Reykjavíkurborgar.
- f) Í samningi skal koma fram að Listasafn Reykjavíkur annist gerð merkinga listaverka sem fjármögnuð eru samkvæmt uppbyggingarsamkomulagi.<sup>4</sup>
- g) Í samningi skal koma fram að Reykjavíkurborg sé heimilt að þinglýsa samningi sem gerður er á grundvelli þessara verklagsreglna við lóðarhafa á umrædda lóð hans.
- h) Önnur ákvæði eins og við á.

Verklagsreglur þessar voru samþykktar á fundi borgarráðs þann 1. febrúar 2024.

<sup>1</sup> Hér er átt við samninga þar sem fjárhæð lóðarhafa er 1.500.000 kr. eða lægri og Reykjavíkurborg hefur skuldbundið sig til þess að leggja til jafnháa fjárhæð til móts við lóðarhafa.

<sup>2</sup> T.d. hvort að leitað verði til tiltekinnar listamanna eða haldin samkeppni um val á verki.

<sup>3</sup> Sé niðurstaðan sú að samið er um að halda samkeppni um val á verki skal gerður sérstakur samningur framkvæmd samkeppninnar, skipun dómnefndar og önnur ákvæði eins og við á.

<sup>4</sup> Listaverk skal merkt greinilega án þess þó að merkingin skaði á nokkum hátt listaverkið. Á merkingu skal eftirfarandi koma fram: 1. Heiti listaverks og ártal. 2. Nafn listamanns. 3. Heiti lóðarhafa og Reykjavíkurborgar.



Borgarráð

Reykjavík, 28. apríl 2026

USK26040098

## Laugavegur 164 og Laugavegur 166– samkomulag um uppbyggingu

Lagt er til að borgarráð samþykki meðfylgjandi samkomulag við fjármála- og efnahagsráðuneytið, f.h. Ríkissjóðs Íslands um fyrirhugaða uppbyggingu og þróunar á lóðum við Laugaveg nr. 164 og Laugaveg nr. 166 í Reykjavík.

### **Greinargerð**

Fjármála- og efnahagsráðuneytið, f.h. Ríkissjóðs Íslands, lóðarhafi á lóðunum Laugavegur 164, með landeignanúmer: L103-031 og Laugavegur 166, með landeignanúmer: L103-032, hefur hug á uppbyggingu og breyttri nýtingu á lóðunum.

Fyrirhuguð uppbygging skal vera í samræmi við Aðalskipulag Reykjavíkur og skilmála væntanlegs deiliskipulags og greinargerðar fyrir viðkomandi svæði.

Samkvæmt upplýsingum frá skrifstofu skipulags- og byggingarmála Reykjavíkurborgar er ekkert deiliskipulag til fyrir lóðirnar að Laugavegi 164 og Laugavegi 166 og engar tillögur verið gerðar. Gera þarf því sérstakt deiliskipulag fyrir svæðið. Eftir að uppbyggingu svæðisins er lokið skv. gildandi deiliskipulagslögum er gert ráð fyrir að skipulagið verði fellt úr gildi og það sameinað hverfisskipulagi Háteigshverfi.

Lóðarhafi mun vinna nýtt deiliskipulag í samvinnu við umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar. Stefnt er að blandaði byggð atvinnu- og íbúðahúsnæðis og á reitnum verði um 100 íbúðir í núverandi húsnæði. Ef heimildir fást til að byggja við núverandi húsnæði fjölgar íbúðum sem því nemur.

Lóðarhafi skal ljúka uppbyggingu á lóðinni samkvæmt nýju deiliskipulagi innan 36 mánaða frá útgáfu byggingarleyfis.

Breytt fyrirkomulag lóðar, nýting, byggingarmagn og nýtt deiliskipulag o.fl. fyrir lóðina er háð samþykki umhverfis- og skipulagsráðs auk borgarráðs. Staðsetning lóða, nýting, byggingarmagn o.fl. getur breyst við afgreiðslu deiliskipulagsins.

Gert er ráð fyrir því í samkomulaginu að lóðarhafar greiði til Reykjavíkurborgar vegna byggingaréttar 18.500 kr. fyrir hvern fermetra nýbyggingar eða breyttrar hagnýtingar ofanjarðar sem nýtt verður fyrir íbúðir. Fyrir breytta hagnýtingu eða aukinn byggingarétt sem nýtt verður undir hótél skal greiða 24.000 kr. fyrir hvern fermetra. Fyrir nýbyggingu eða viðbyggingu sem skilgreinist sem atvinnuhúsnæði skal greiða 6.500 kr. fyrir hvern fermetra nýbyggingarinnar og/eða viðbyggingarinnar ofanjarðar. Ef endanlegt deiliskipulag veitir heimild fyrir auknu byggingarmagni ofanjarðar, umfram ofangreinda



Reykjavík



fermetra skv. fyrirbyggjandi hugmyndum, skal greiða viðbótarbyggingaréttargreiðslu fyrir þá fermetra sem bætast við heildarbyggingarmagn lóðarhafi ofanjarðar.

Verð byggingarréttar er miðað við uppreiknað verð á byggingarrétti í sambærilegum uppbyggingarsamningum, m.a. í Skeifunni 7-9, Vogabyggð, á Kringlureit, Laugavegi 77, Suðurlandbraut 56 sem borgarráð hefur samþykkt.

Í samræmi við samningsmarkmið Reykjavíkurborgar er samið um lóðarhafar skuldbindi sig til þess að leggja til tiltekna fjárhæð til listsköpunar sem og að Félagsbústaðir hf. eigi kauprétt á íbúðum sem verða byggðar.

Af hálfu Ríkissjóðs liggur fyrir staðfesting á efni samningsins.

Heiða Björg Hilmisdóttir  
borgarstjóri

Hjálagt:

- 1.Samkomulag vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar og þróunar á lóðunum við Laugaveg 164 og Laugaveg 166 í Reykjavík, dags. 28. apríl 2026.
- 2.Fasteignayfirlit – Laugavegur 166
- 3.Laugavegur 164



USK26040098

**Reykjavíkurborg**, kt. 530269-7609, vegna **Reykjavíkurborgar - eignasjóðs**, kt. 570480-0149, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík („Reykjavíkurborg“) annars vegar og fjármála- og efnahagsráðuneytið f.h. **Ríkissjóðs Íslands**, kt. 540269-6459 („lóðarhafi“) hins vegar, (sameiginlega hér eftir nefndir „aðilar“), gera með sér eftirfarandi:

**SAMKOMULAG**  
**vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar og þróunar**  
**á lóðunum við Laugaveg 164 og Laugaveg 166 í Reykjavík**

**1. gr.**  
**Inngangur**

Ríkissjóður Íslands sem lóðarhafi að lóðunum Laugavegur 164, með landeignanúmer: L103-031 og Laugavegur 166, með landeignanúmer: L103-032, hefur hug á uppbyggingu og breytti nýtingu á lóðunum. Stærð lóðanna og byggingarmagn er tilgreint í 2. gr. samkomulagsins.

Hin fyrirhugaða uppbygging fellur undir almenn samningsmarkmið Reykjavíkurborgar á nýjum uppbyggingarsvæðum sem samþykkt var á fundi borgarráðs þann 20. janúar 2022 og staðfest á fundi borgarstjórnar þann 1. febrúar 2022.

**2. gr.**  
**Deiliskipulagsgerð**

Lóðin að Laugavegi 164 er leigulóð í eigu Reykjavíkurborgar samkvæmt lóðarleigusamningi dags. 3. mars 1961. Lóðin var leigð til 75 ára frá 1. nóvember 1946 að telja. Lóðin er skráð sem viðskipta og þjónustulóð að stærð **2.895,4 m<sup>2</sup>**, samkvæmt skráningu fasteignayfirlits Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (HMS). Á lóðinni eru 9 (níu) matseiningar að heildarstærð **3.321,5 m<sup>2</sup>**, sjá nánar:


Laugavegur 164	Þinglýstur eigandi	Fasteignanúmer	Rými	Birt stærð m <sup>2</sup> .
Skrifstofa	Ríkissjóður Íslands	F223-7912	01 0101	<b>225,9 m<sup>2</sup></b>
Verslun	1SV ehf. kt. 580602-3120	F201-0726	01 0102	<b>233,5 m<sup>2</sup></b>
Skrifstofa	Ríkissjóður Íslands	F223-7914	01 0201	<b>225,3 m<sup>2</sup></b>
Skrifstofa	L164 ehf. kt. 700714-1820	F224-7913	01 0202	<b>239,2 m<sup>2</sup></b>
Skrifstofa	Ríkissjóður Íslands	F223-7916	01 0301	<b>225,3 m<sup>2</sup></b>
Skrifstofa	Ríkissjóður Íslands	F223-7915	01 0302	<b>239,2 m<sup>2</sup></b>
Vörugeymsla	Ríkissjóður Íslands	F223-7918	01 0401	<b>133,7 m<sup>2</sup></b>
Vinnustofa	Ríkissjóður Íslands	F223-7917	01 0402	<b>117,4 m<sup>2</sup></b>
Skjalasafn	Ríkissjóður Íslands	F201-0727	02 0101	<b>1682 m<sup>2</sup></b>

Dmkk  
1

Lóðin að Laugavegi 166 er leigulóð í eigu Reykjavíkurborgar samkvæmt lóðarleigusamningi dags. 25. janúar 1978. Lóðin var leigð til 30 ára frá 1. janúar 1978 að telja. Lóðin er skráð sem viðskipta og þjónustulóð að stærð **2.642,0 m<sup>2</sup>**, samkvæmt skráningu fasteignayfirlits HMS. Á lóðinni er 2 (tvær) matseingar að heildarstærð **5.843,3 m<sup>2</sup>**, sjá nánar:

Laugavegur 166	Þinglýstur eigandi	Fasteignanúmer	Rými	Birt stærð m <sup>2</sup> .
Skrifstofuhúsnæði	Ríkisjóður Íslands	F201-0729	01 0101	<b>4910,5 m<sup>2</sup></b>
Bílastæðahús	Ríkisjóður Íslands	F201-0729	02 0101	<b>932,8 m<sup>2</sup></b>

Lóðirnar að Laugavegi 164 og 166 tilheyra hverfisskipulagsuppdraetti fyrir skilmálaeiningu 3.1.12, Brautarholt/Skipholt og Laugavegur 162-166, sjá nánar:



Reiturinn, skilgreindur sem Laugavegur – Holt I, er ekki partur af hverfisskipulagi og eldra skipulag því enn í gildi. Samkvæmt upplýsingum frá skrifstofu skipulags- og byggingarmála Reykjavíkurborgar er ekkert deiliskipulag til fyrir lóðirnar að Laugavegi 164 og Laugavegi 166 og engar tillögur verið gerðar. Gera þarf því sérstakt deiliskipulag fyrir svæðið. Eftir að uppbyggingu svæðisins er lokið skv. gildandi deiliskipulagslögum er gert ráð fyrir að skipulagið verði fellt úr gildi og það sameinað hverfisskipulagi Háteigshverfi 3.1.

Svæðið afmarkast af Skipholti til vesturs og suðurs, Laugavegi til norðurs og Brautarholti til austurs. Innan reitsins er gert ráð fyrir ýmiskonar nærþjónustu, gististarfsemi, verslunum o.fl. Íbúðir verða á efri hæðum bygginga og jarðhæðir með lifandi starfsemi. Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 (AR2040) er reiturinn Laugavegur – Holt I skilgreindur sem uppbyggingarreitur og til miðsvæðis M2.

Á fundi skipulagsfulltrúa nr. 956, dags. 7. mars 2024 lagði Framkvæmdasýsla-Ríkiseigna (FSRE) fram minnisblað um fyrirhugaða vinnu FSRE við skipulagsgerð að þremur reitum, m.a. Laugavegi 162-166. Óskað var eftir aðkomu skipulagsyfirlitvalda í Reykjavík að þessu ferli og að stofnaður verði samstarfsvettvangur með FSRE um ferli, umgjörð og skipulagsleg markmið verkefnisins. Lóðarhafi hyggst nú fá heimildir til þess að auka við heimilað byggingarmagn frá því sem nú er. Stefnt er að blandaðri byggð atvinnuhúsnæðis og íbúða. Stefnt er að því á reitnum verði um 100 íbúðir í núverandi húsnæði. Ef heimildir fást til að byggja við húsnæðið fjölgar íbúðum sem því nemur.

DMC  
7/21



Fyrirhuguð uppbygging á lóðunum skal vera í samræmi við Aðalskipulag Reykjavíkur 2040 og skilmála væntanlegs deiliskipulags og greinargerðar fyrir viðkomandi svæði í hverfinu. Lóðarhafi mun vinna nýtt deiliskipulag í samvinnu við umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar. Nákvæmt byggingarmagn og íbúðafjöldi ákvarðast í deiliskipulagi.

Lóðarhafi skal ljúka uppbyggingu á lóðinni samkvæmt deiliskipulagi innan 36 mánaða frá útgáfu byggingarleyfis.

Breytt fyrirkomulag lóða, nýting, byggingarmagn og nýtt deiliskipulag o.fl. fyrir lóðirnar er háð samþykki umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkurborgar auk borgarráðs. Tilvísanir í uppbyggingarsamkomulaginu varðandi byggingarmagn, nýtingarhlutfall eða fjölda íbúða bindur ekki hendur skipulagsins í skipulagsferlinu. Staðsetning lóða, nýting, byggingarmagn o.fl. getur breyst til aukningar eða minnkunar við afgreiðslu deiliskipulagsins.

Staðsetning lóða, nýting, byggingarmagn o.fl. getur breyst við afgreiðslu deiliskipulags.

### 3. gr.

#### **Greiðslur fyrir byggingarétt, gatnagerðargjald og önnur gjöld**

Vegna breyttrar hagnýtingar og/eða aukins byggingarmagns en nú þegar er á lóðinni skuldbindur lóðarhafi sig til að greiða til Reykjavíkurborgar vegna byggingaréttar 18.500 kr. fyrir hvern fermetra (A+B) byggingar ofanjarðar sem nýtt verður fyrir íbúðir.

Vegna breyttrar hagnýtingar á lóðunum og/eða aukins byggingarmagns skuldbindur lóðarhafi sig til að greiða til Reykjavíkurborgar 24.500 kr. fyrir hvern fermetra (A+B) byggingar ofanjarðar sem nýttir verða í hótelluppbyggingu.

Fyrir byggingu sem skilgreinist sem atvinnuhúsnæði skal greiða 6.500 kr. fyrir hvern fermetra (A+B) byggingarinnar ofanjarðar. Núverandi byggingarmagn undir atvinnuhúsnæði dregst frá því byggingarmagni undir atvinnuhúsnæði sem heimilað verður í nýju deiliskipulagi, á lóð sem stofnast á sama stað og núverandi lóð. Nánar tiltekið þá er ekki greitt fyrir nýbyggingu eða viðbyggingu sem skilgreinist sem atvinnuhúsnæði, að því marki sem slíkir fermetrar atvinnuhúsnæðis eru til staðar í dag, sbr. 2. gr. samkomulagsins.

Núgildandi staða og byggingarheimildir:

Lóð	Lóðarstærð (m <sup>2</sup> )	Byggingar (m <sup>2</sup> )	Heimilað byggingarmagn (m <sup>2</sup> )	Heimilað nýtingarhlutfall (m <sup>2</sup> )
Laugavegur 164	2.895,4	3.321,5		
Laugavegur 166	2642,0	5.843,3		

Framangreint fermetraverð er miðað við byggingarvísitölu nóvembermánaðar 2025, grunn 2021 (126,4 stig) og skal það framreiknað í samræmi við þróun vísitölnunnar frá undirskriftardegi samkomulags þessa til greiðsludags.

Gjaldþagi greiðslu vegna byggingaréttar samkvæmt 3. gr. samkomulagsins er við umsókn um framkvæmda- eða byggingaleyfi, þ.m.t. takmarkað leyfi, hjá embætti byggingafulltrúa á viðkomandi byggingarreit, en þó eigi síðar en 1. september 2027.

Lóðarhafi skuldbindur sig til að fá ekki útgefið bygginga- eða framkvæmdaleyfi, þ.m.t. takmarkað byggingarleyfi, fyrr en framangreind greiðsla hefur verið greidd.

Lóðarhafa er óheimilt að hefja framkvæmdir á lóðunum hafi greiðslur, sbr. 3. og 6. gr. samkomulagsins, ekki verið greiddar.

Auk framangreindra greiðslna skal lóðarhafi greiða gatnagerðargjald og önnur lögbundin skipulags-, bílastæða-, framkvæmda-, byggingarleyfis- og tengigjöld vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á lóðunum eftir þeim reglum og gjaldskrá Reykjavíkurborgar sem gilda hverju sinni. Gatnagerðargjöld greiðast jafnframt af ónýttum byggingarheimildum skv. deiliskipulagi.

Fari svo að endanlegt deiliskipulag veiti heimild fyrir auknu byggingarmagni ofanjarðar, umfram fermetra samkvæmt deiliskipulagstillögu, skal lóðarhafi greiða gatnagerðargjald vegna þeirra fermetra sem bætast við heildarbyggingarmagn. Gjaldþagi gatnagerðargjalds er þá við samþykkt embættis byggingarfulltrúa á byggingaráformum á viðkomandi byggingarreit og reiknast samkvæmt gildandi gjaldskrá gatnagerðargjalda hverju sinni.

#### 4. gr.

##### **Sala íbúða til Félagsbústaða hf.**

Í samræmi við samningsmarkmið Reykjavíkurborgar samþykkir lóðarhafi að Félagsbústaðir hf. hafi kauprétt á allt að **5%** íbúðum á lóðinni.

Íbúðirnar geta verið allt að þriggja herbergja. Miðað skal við í kaupunum að stærð einstaklings- og tveggja herbergja íbúða sé á bilinu 45-60 m<sup>2</sup> að birtu flatarmáli að geymslu meðtalinni hvers stærð skal vera í samræmi við sambærilegar íbúðir, þó ekki stærri en 6 m<sup>2</sup>. Miðað skal við að stærð þriggja herbergja íbúða sé á bilinu 60-80 m<sup>2</sup> að birtu flatarmáli að geymslu meðtalinni hvers stærð skal vera í samræmi við sambærilegar íbúðir, þó ekki stærri en 6 m<sup>2</sup>. Reynist ómögulegt að halda geymslum innan framangreindra stærðarmarka greiða Félagsbústaðir ekki fyrir þann hluta geymslunnar sem fer fram yfir stærðarmörk (dæmi: fyrir íbúð sem er skráð 46 m<sup>2</sup> þar sem íbúð er 39 m<sup>2</sup> íbúða og geymsla 7 m<sup>2</sup> skal kaupverð reiknað miðað við 45 m<sup>2</sup> íbúð.) Félagsbústaðir hafa val um tegund íbúða og samráð skal haft um staðsetningar þeirra. Íbúðunum skal skilað fullbúnum og tilbúnum til notkunar og skal frágangur, efnisval og gæði vera sambærilegt við aðrar íbúðir að svipaðri stærð í sömu húsum. Íbúðum til Félagsbústaða skal skilað með harðparketi af viðurkenndri og vandaðri gerð. Sameign húss og lóð skal vera full frágengin.

Lóðarhafi skuldbindur sig til þess að hanna og gera ráð fyrir að lágmarki **5%** íbúða í byggingunum sem reistar verða á lóðinni verði innan ofangreindra stærðarmarka. Nýti Félagsbústaðir ekki kauprétt sinn fellur þessi skylda niður.

Kaupverð hvers birts fermetra í íbúð og geymslu er umsamin 643.462 kr. Framangreint kaupverð á fermetra er miðað við byggingarvísitölu nóvembermánaðar 2025 (126,4 stig) og skal breytast í samræmi við þróun vísitölu þessarar frá undirskriftardegi til greiðsludags.

Lóðarhafi skal bjóða Félagsbústöðum kauprétt með tölvupósti á netfangið: [kauprettur@felagsbustadir.is](mailto:kauprettur@felagsbustadir.is), samhliða því að teikningar eru lagðar inn til byggingarfulltrúans í Reykjavík. Boð um kauprétt telst vera móttekið þegar Félagsbústaðir staðfesta móttöku tölvupóstsins með sérstökum svarpósti til lóðarhafa við tölvupóstinum (staðfesting á því að tölvupóstur hafi verið sendur á uppgefið netfang telst ekki jafngilda móttöku Félagsbústaða). Félagsbústaðir hafa 45 daga frest til að tilkynna lóðarhöfum að þeir hyggist nýta sér rétt sinn en ella fellur kauprétturinn niður. Fresturinn byrjar að líða fyrsta virka dag eftir að Félagsbústaðir hafa sent framangreindan tölvupóst um móttöku kaupréttarboðs.



Komi til kaupa skal kaupsamningur gerður um hverja íbúð innan 30 daga frá því að Reykjavíkurborg hefur samþykkt eignaskiptayfirlýsingu viðkomandi eignar og henni verið þinglýst af Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu. Í kaupsamningi verða nánari ákvæði um kaupin, þ.á.m. um staðsetningu íbúðanna, endanlega stærð þeirra og greiðslufyrirkomulag kaupverðs. Greiðslum skal háttað með þeim hætti að við þinglýsingu kaupsamnings milli aðila, er greitt 10% kaupverðs, við afhendingu þegar öryggisúttektarvottorð byggingarfulltrúa hefur borist Félagsbústöðum er greitt 70% kaupverðs og afgangurinn við útgáfu afsals þegar lokaúttekt byggingarfulltrúa hefur farið fram og vottorð borist Félagsbústöðum. Kaupverð og eftirstöðvar þess skulu breytast í samræmi við breytingu á byggingarvísitölu, sbr. framangreint, fram að lokagreiðslu.

#### **5. gr.**

#### ***Kvöð um leiguíbúðir o.fl.***

Í samræmi við samningsmarkmið fyrir Reykjavíkurborg á uppbyggingarsvæðum skal miðað við að um 20% íbúða á lóðum lóðarhafa skuli vera leiguíbúðir eða hagkvæmar íbúðir, t.a.m. almennar íbúðir, íbúðir sem uppfylla skilyrði hlutdeildarlána, stúdentaíbúðir, leiguíbúðir Félagsbústaða hf., íbúðir fyrir aldraða og/eða búseturéttaríbúðir. Íbúðirnar skulu vera í eigu félags/félaga sem hefur/hafa að meginmarkmiði að leigja út íbúðir til langtíma. Nýti Félagsbústaðir hf. kauprétt sinn samkvæmt 4. gr. teljast þær íbúðir hluti þessara íbúða.

Þegar eignaskiptayfirlýsing liggur fyrir skal lóðarhafi tilgreina hvaða íbúðir falli undir þessa kvöð. Útbúin skal sérstök yfirlýsing sem þinglýst verður sem kvöð á núverandi lóðir. Í eignaskiptayfirlýsingu skal skilgreint hvaða íbúðir falla undir þessa kvöð.

#### **6. gr.**

#### ***Listsköpun***

Í samræmi við samningsmarkmið fyrir Reykjavíkurborg á uppbyggingarsvæðum skuldbindur lóðarhafi sig til þess að verja sérstakri fjárhæð til listsköpunar í almenningsrýmum á svæðinu (Laugavegur 164-166). Framlag lóðarhafa samkvæmt þessari grein er 4.000.000 kr. og skal greitt til Reykjavíkurborgar samhliða byggingarréttargreiðslu, sbr. 3. gr.

Reykjavíkurborg skuldbindur sig til að leggja til jafn háa fjárhæð til listsköpunar á svæðinu (Laugavegur 164-166). Lóðarhafa er ljóst að framlag Reykjavíkurborgar vegna listsköpunar takmarkast að hámarki við 4.000.000 kr. og er allur kostnaður sem varðar framkvæmd og eftirfylgni ákvæðisins af hálfu Reykjavíkurborgar (uppsetning, val á listaverki o.s.frv.) innifalinn. Frekari greiðslur af hálfu Reykjavíkurborgar koma því ekki til.

Um samninga um listsköpun á uppbyggingarsvæðum fer að öðru leyti eftir verklagsreglum vegna samninga Reykjavíkurborgar og lóðarhafa um list í almannarými sem samþykktar voru í borgarráði þann 1. febrúar 2024.

#### **7. gr.**

#### ***Framkvæmdir og uppsögn***

Stefnt skal að því að skipulagsferli verkefnisins fylgi eftirfarandi tímalínu:

- Skipulagslýsing samþykkt innan 8 mánaða frá undirritun samnings.
- Deiliskipulagstillaga lögð fram í kynningarferli 18 mánuðum frá samþykkt skipulagslýsingar.
- Deiliskipulag hljóti endanlega samþykkt af hálfu borgarinnar innan 8 mánaða frá lokum auglýsingaferils.

Dmk

- Sótt verði um byggingarleyfi innan 8 mánaða frá birtingu samþykks deiliskipulags í b-deild stjórnartíðinda.

Lóðarhafi stefnir að því að hraða uppbyggingu á lóðunum og er stefnt að því að ljúka framkvæmdum innan 36 mánaða frá útgáfu byggingarleyfis. Verði verulegar tafir á uppbyggingu lóðanna getur það leitt til uppsagnar á samkomulagi þessu og/eða niðurfellingar byggingarleyfis. Lóðarhafi á ekki rétt til endurgreiðslu á byggingarréttargjaldi og gatnagerðargjaldi falli hann frá uppbyggingu á seinni stigum eða ef samningur fellur niður vegna uppsagnar.

Reykjavíkurborg stefnir að því að vinna að afgreiðslu skipulags í samræmi við framangreinda tímalínu, að því gefnu að fullnægjandi gögn liggja fyrir frá lóðarhafa. Dragist málsmeðferð skipulags verulega vegna atriða sem ekki eru á ábyrgð lóðarhafa skulu tímarammar samningsins framlengdir sem því nemur.

### **8. gr.** **Framsal**

Lóðarhafa er óheimilt að framselja fasteignir og/eða lóðarréttindi að viðkomandi lóðum áður en greiðslur samkvæmt 3. og 6. gr. samkomulags þessa hafa verið greiddar nema að fengnu samþykki Reykjavíkurborgar. Lóðarhafi skuldbindur sig til þess að undirrita sérstakt kvaðaskjal.

Kvöð um að framsal sé óheimilt nema að fengnu skriflegu samþykki Reykjavíkurborgar á nýjum framsalshafa, skal getið á veðbandayfirliti lóðarinnar. Þegar greiðslur skv. 3. og 6. gr. samkomulags þessa hafa verið greiddar, skal Reykjavíkurborg aflétta kvöðinni.

### **9. gr.** **Lóðarleigusamningur**

Lóðin að Laugavegi 162 er leigulóð í eigu Reykjavíkurborgar samkvæmt lóðarleigusamningi dags. 29. ágúst 1942. Lóðin var leigð til 75 ára frá 1. ágúst 1942 að telja.

Lóðin að Laugavegi 166 er leigulóð í eigu Reykjavíkurborgar samkvæmt lóðarleigusamningi dags. 25. janúar 1978. Lóðin var leigð til 30 ára frá 1. janúar 1978 að telja.

Þegar greiðslur samkvæmt 3. og 6. gr. hafa verið greiddar, mun Reykjavíkurborg gefa út nýja lóðarleigusamninga.

Lóðarleigusamningar fyrir íbúðahúsalóðir verða til 75 ára. Lóðarleigusamningar fyrir atvinnuhúsalóðir verða til 50 ára. Lóðir sem heimila íbúðir og atvinnustarfsemi skilgreinast sem íbúðarhúsalóðir.

### **10. gr.** **Veðheimildir**

Áður en gerðir hafa verið nýir lóðarleigusamningar um lóð er lóðarhafa ekki heimilt að veðsetja byggingarrétt sinn, nema að fengnu sérstöku skilyrtu veðleyfi. Veðleyfi verður ekki gefið út nema öll gjöld vegna lóðar hafi verið greidd. Veðleyfið getur aldrei numið hærri fjárhæð en andvirði byggingarréttarins fram að því tímamarki að lóð er ógreidd.

### **11. gr.** **Lagnir**

Komi til þess vegna uppbyggingar á lóðinni að flytja þurfi spennistöð eða lagnir veitustofnanna skal lóðarhafi bera kostnað við þann flutning.

DML  
[Handwritten signature]



**12. gr.**  
**Ýmis ákvæði**

Allar breytingar á samkomulagi þessu skulu vera skriflegar og öðlast ekki gildi fyrr en við samþykkt borgarráðs.

Stefnt skal að því að setja á fót sameiginlega verkefnastjórn með fulltrúum beggja aðila sem fylgir eftir framgangi verkefnisins og fundar að lágmarki á tveggja mánaða fresti á skipulagsstigi.


Á lóðinni Laugavegur 164 er eignarhald hússins að Laugavegi 164 með þeim hætti, að Ríkissjóður er eigandi að sjö af níu matseiningum. Tveir matshlutar í húsinu eru í eigu ótengdra aðila að samkomulagi þessu og mun fjármála- og efnahagsráðuneytið f.h. Ríkissjóðs annast samskipti og/eða samningsgerð við þá eigendur, svo að allir eigendur/lóðarhafar að Laugavegi 164 komi fram sem einn samkomulagsaðili samkvæmt samkomulagi þessu.

Heimilt er að þinglýsa samkomulagi þessu á lóðirnar við Laugaveg 164, með fasteignanúmer: **F223-7912, F201-0726, F223-7914, F223-7913, F223-7916, F223-7915, F223-7918, F223-7917 og F201-0727** og Laugaveg 166 með fasteignanúmer: **F201-0729**.

Samkomulag þetta er gert með fyrirvara um samþykkt borgarráðs.

Samkomulag þetta er gert í tveimur samhljóða eintökum og skal hvor samningsaðili halda eftir einu eintaki.

Reykjavík, ~~24~~ apríl 2026

  
F.h. Reykjavíkurborgar

  
F.h. Ríkissjóðs Íslands



Yfirlit staðfangs sótt: 4.3.2026, kl. 13:53

Prenta yfirlit staðfangs

Fasteignanúmer	Merking	Lýsing	Birt stærð	Þinglýstur eigandi	Kennitala	
F2237912	01 0101	Skrifstofa	225,9 m <sup>2</sup>	Ríkissjóður Íslands	540269-6459	<a href="#">Fasteignayfirlit</a> <a href="#">Veðbandayfirlit</a>
F2010726	01 0102	Verslun	233,5 m <sup>2</sup>	1SV ehf.	580602-3120	<a href="#">Fasteignayfirlit</a> <a href="#">Veðbandayfirlit</a>
F2237914	01 0201	Skrifstofa	225,3 m <sup>2</sup>	Ríkissjóður Íslands	540269-6459	<a href="#">Fasteignayfirlit</a> <a href="#">Veðbandayfirlit</a>
F2237913	01 0202	Skrifstofa	239,2 m <sup>2</sup>	L 164 ehf.	700614-1820	<a href="#">Fasteignayfirlit</a> <a href="#">Veðbandayfirlit</a>
F2237916	01 0301	Skrifstofa	225,3 m <sup>2</sup>	Ríkissjóður Íslands	540269-6459	<a href="#">Fasteignayfirlit</a> <a href="#">Veðbandayfirlit</a>
F2237915	01 0302	Skrifstofa	239,2 m <sup>2</sup>	Ríkissjóður Íslands	540269-6459	<a href="#">Fasteignayfirlit</a> <a href="#">Veðbandayfirlit</a>
F2237918	01 0401	Vörugeymsla	133,7 m <sup>2</sup>	Ríkissjóður Íslands	540269-6459	<a href="#">Fasteignayfirlit</a> <a href="#">Veðbandayfirlit</a>
F2237917	01 0402	Vinnustofa	117,4 m <sup>2</sup>	Ríkissjóður Íslands	540269-6459	<a href="#">Fasteignayfirlit</a> <a href="#">Veðbandayfirlit</a>
F2010727	02 0101	Skjalasafn	1682 m <sup>2</sup>	Ríkissjóður Íslands	540269-6459	<a href="#">Fasteignayfirlit</a> <a href="#">Veðbandayfirlit</a>

# FASTEIGNAYFIRLIT

Fasteignanúmer: F2010729

Laugavegur 166, Reykjavíkurborg

## ÞINGLÝSTIR EIGENDUR

Nafn	Kennitala	Heimild	Eignarhlutfall	Staða
Ríkissjóður Íslands	540269-6459	Eignarheimild	100%	Þ

Landeigendur  
Gögn vantar

## FASTEIGNAMAT

Gildandi fasteignamat 2026

1.965.200.000 kr.

Fyrirhugað fasteignamat 2027

-

## NOTKUNAREINING - SKRIFSTOFA

Notkunareininganúmer

N2010729

Staðfang

Laugavegur 166

Húsmat	Lóðarmat	Brunabótamat	Endurstofnsverð
1.659.850.000 kr.	305.350.000 kr.	998.400.000 kr.	1.568.398.000 kr.
Notkun	Flatarmál	Tryggingafélag	Byggingarefni
Skrifstofa	5843,3 m <sup>2</sup>	VÖR	Steypa

### Skráðir umráðendur skv. fasteignaskrá

Nafn	Kennitala	Eignarhlutfall	Kaupdagur	Afhending
Ríkiseignir	690981-0259	0%	12.03.1996	12.03.1996
Ríkissjóður Íslands	540269-6459	100%	12.03.1996	12.03.1996

### Matseiningar

Merking	Lýsing	Bygg.ár	Flatarmál	Bygg.stig	Matsstig	Fasteignamat	Brunabótamat
010101	Skrifstofuhúsnæði	1952	4910,5 m <sup>2</sup>	B4 Fullgerð bygging	7 Fullgerð bygging	1.965.200.000 kr.	820.250.000 kr.
020101	Bílastæðahús	2003	932,8 m <sup>2</sup>	B4 Fullgerð bygging	7 Fullgerð bygging	-	178.150.000 kr.

## Rekstrareiningar

### Eignarhald

#### 01 0101 - Séreign

Rými	Lýsing	Lokun	Brúttó m <sup>2</sup>	Brúttó m <sup>3</sup>	Birt stærð m <sup>2</sup>	Nettó m <sup>2</sup>	Skipta m <sup>3</sup>	H-FI.
01 0101	Skrifstofuhús	Lokað	843,1	2667,7	843,1	772	0	N
01 0201	Skrifstofuhús	Lokað	1021,3	3166,5	1021,3	924	0	N
01 0301	Skrifstofuhús	Lokað	1013,3	3145,8	1013,3	926,6	0	N
01 0401	Skrifstofuhús	Lokað	1016,4	3145,8	1016,4	927,2	0	N
01 0501	Skrifstofuhús	Lokað	1016,4	3321,7	1016,4	927,2	0	N
01 0502	Þakhæð	Lokað	0	685	0	0	0	F

#### 02 0101 - Séreign

Rými	Lýsing	Lokun	Brúttó m <sup>2</sup>	Brúttó m <sup>3</sup>	Birt stærð m <sup>2</sup>	Nettó m <sup>2</sup>	Skipta m <sup>3</sup>	H-FI.
02 0101	Bílastæðahú s	Lokað	453,1	1390,9	453,1	445,3	0	B
02 0201	Bílastæðahú s	Lokað	479,7	479,7	479,7	471,9	0	B

## LANDUPPLÝSINGAR

### Landeignanúmer: L103032

Gerð	Notkun	Stærð	Lóðarmat
Lóð	Viðskipta og þjón.lóð	2642,0 m <sup>2</sup>	305.350.000 kr.

### Skráðir umráðendur skv. fasteignaskrá

Nafn	Kennitala	Eignarhlutfall
Reykjavíkurborg	530269-7609	100 %

## Skýringar

Byggingarstig: Samþykkt byggingarstig frá byggingarfulltrúa

Matsstig: Forsenda mats

Vísitala brunabótamats: 1024,7

**ATH: Þinglýst eignaskiptayfirlýsing er sú heimild sem gildir um skráningu fasteigna. Ef misræmi er á milli upplýsinga í fasteignaskrá og þinglýstrar eignaskiptayfirlýsingar þá gildir þinglýst eignaskiptayfirlýsing.**



Borgarráð

Reykjavík, 28. apríl 2026

USK26040125

## Makaskipti á lóðum og lóðarhlutum við Ríkissjóð Íslands

Lagt er til að borgarráð samþykki meðfylgjandi samkomulag við fjármála- og efnahagsráðuneytið, f.h. Ríkissjóðs Íslands um makaskipti á lóðum og lóðarhlutum í Reykjavík.

### **Greinargerð**

Fjármála- og efnahagsráðuneytið, f.h. Ríkissjóðs Íslands og Reykjavíkurborg hafa átt í samningsumleitunum og viðræðum vegna skipta á lóðum og lóðarhlutum í Reykjavík og er samkomulagið niðurstaða þessa. Samkomulagið byggir m.a. á viljayfirlýsingu aðila, dagsett 2. júní 2017, um að vinna sameiginlega að þróun og skipulagningu á lóðum og löndum í Reykjavík sem eru ýmist í eigu eða í umráðum ríkisins.

Við framsal Reykjavíkurborgar til ríkissjóðs er um að ræða lóðir sem varða mikilvæg uppbyggingarverkefni, m.a. stækkun meðferðaheimils Stuðla í Grafarvogi og uppbyggingu á nýju Öryggisvistunarræði á Hólmsheiði í næsta nágrenni við Fangelsið.

Við framsal ríkissjóðs til Reykjavíkurborgar er um að ræða lóðir sem varða uppbyggingu á vegum borgarinnar, m.a. við Laxalón, þar sem áformað er að koma fyrir þjónustumiðstöð borgarlandsins. Þjónustumiðstöðin sinnir margvíslegum verkefnum í borgarlandinu, svo sem uppsetningu og viðhaldi umferðar- og gagnbrautarljósa, grasslátt og eftirlit og umsjón með vetrarþjónustu. Einnig að ræða framsal á lóðum vegna uppbyggingu íbúðarhúsnæðis og vegna legu borgarlínu.

Samkvæmt samkomulaginu er gert ráð fyrir að heildarfermetratala lóðanna og lóðarhlutanna mætist að jöfnu.

Af hálfu Ríkissjóðs liggur fyrir staðfesting á efni samningsins.

Heiða Björg Hilmisdóttir  
borgarstjóri

Hjálagt: Samkomulag dags. 28. apríl 2026, ásamt fylgiskjöllum.



Fjármála- og efnahagsráðherra, f.h. Ríkissjóðs Íslands, kt. 540269-6459 og Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, vegna Reykjavíkurborgar eignasjóðs, kt. 570480-0149, gera með sér svofellt:

## Samkomulag um makaskipti á lóðum og lóðarhlutum í Reykjavík

### 1. gr.

#### Framsál Reykjavíkurborgar til Ríkissjóðs Íslands

##### 1.1. gr. Meðferðarheimilið Stuðlar – Fossaleynir 17.

Reykjavíkurborg framselur lóðarleiguréttindi til Ríkissjóðs á **2.412 m<sup>2</sup>** lóð sem bætist við núverandi lóð Stuðla sem samtals verður **6.193 m<sup>2</sup>** eftir stækkun (sjá fylgiskjal 1). Lóðin verður afhent í núverandi ástandi en með byggingarréttarheimildum, skilgreindum í deiliskipulagi, vegna áformaðrar viðbyggingar við núverandi meðferðarheimili Stuðla.

Byggingarréttur, vegna fyrirhugaðra byggingaráforma, þ.e. hámarksbyggingarmagn ofanjarðar (A+B fermetrar) **1.788 m<sup>2</sup>** er innifalinn, en það athugast að ríkissjóður greiðir sérstaklega önnur opinber gjöld s.s. gatnagerðargjöld og tengigjöld.

##### 1.2. gr. Öryggisvistun – Hólmsheiðarveg.

Reykjavíkurborg úthlutar til ríkissjóðs allt að **9.000 m<sup>2</sup>** lóð, sem stofnuð verður úr athafnasvæði á Hólmsheiði, vegna áforma um byggingu öryggisgæslustaðar. Lóðin verður afhent í núverandi ástandi en með byggingarréttarheimildum, skilgreindum í deiliskipulagi sbr. 4. gr. samkomulagsins, vegna fyrirhugaðra byggingaráforma á lóðinni.

Byggingarréttur, vegna fyrirhugaðra byggingaráforma, þ.e. hámarksbyggingarmagn ofanjarðar (A+B fermetrar) **2.000 m<sup>2</sup>**, er innifalinn, en það athugast að Ríkissjóður greiðir sérstaklega önnur opinber gjöld s.s. gatnagerðargjöld og tengigjöld.

##### 1.3. gr. Ótilgreind lóð á Hólmsheiði undir almannapjónustu

Reykjavíkurborg skuldbindur sig til að framselja lóðarleiguréttindi til ríkissjóðs á allt að **4.269 m<sup>2</sup>** lóð á Hólmsheiði eða á öðrum sambærilegum stað innan borgarmarka. Staðsetning lóðarinnar er ótilgreind en skilyrði er að hún verði nýtt undir almannapjónustu og að fjármála- og efnahagsráðuneytið óski eftir úthlutun lóðarinnar innan fimm ára frá undirritun samnings þessa. Lóðin verður þá afhent vegna áformaðrar uppbyggingar á almannapjónustu sem rekin er á ábyrgð ríkisins.

##### 1.4. gr. Reykjavíkurflygvöllur.

Reykjavíkurborg framselur eignarhald til Ríkissjóðs á um **4.500 m<sup>2</sup>** fermetra landi sem tilheyrir flugvöllinum í Reykjavík (n.t.t. L106745) gegn **4.500 m<sup>2</sup>** öðru landi í eigu ríkissjóðs úr landi flugvallarins, (n.t.t. L106748), sem ætlað er undir borgarlínu, sbr. grein 2.4. Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar mun ganga frá breytingarblaði vegna landskiptanna.

##### 1.5. gr. Laugarnesvegur 91, stækkun lóðar.

Reykjavíkurborg framselur lóðarleiguréttindi til ríkissjóðs á um **500 m<sup>2</sup>** lóð sem bætist við núverandi lóð Laugarnesvegur 91 sem samtals verður **24.111,3 m<sup>2</sup>** eftir stækkun. Um er að ræða land meðfram lóðinni frá Sæbraut að Laugarnesvegi 87-89. Lóðarhlutinn verður sameinaður Laugarnesvegi 91 og skipulagt sem ein heild vegna áformaðrar þróunar undir íbúðabyggð (sjá fylgiskjal 2).

## 2. gr. Framsal Ríkissjóðs til Reykjavíkurborgar

### 2.1. gr. Lóð við Mosaveg 15

Ríkissjóður framselur til Reykjavíkurborgar um **6.200 m<sup>2</sup>** lóð við Mosaveg 15 í Reykjavík. Lóðin tilheyrir heildarlóðinni að Mosavegi 15, L172445. Reykjavíkurborg mun annast gerð endanlegra mæliblaða til stofnunar lóðarinnar í fasteignaskrá (fylgiskjal 3).

Áformað er af hálfu Reykjavíkurborgar að þróa lóðarhlutann undir íbúðabyggð. Við þróun íbúðarbyggðar á svæðinu verður gætt að því að fyrirhuguð uppbygging hafi ekki áhrif á nýtingu húsnæðis Borgarholtsskóla á heildarlóðinni undir skólahald til framtíðar, eins og heildarlóðin verði eftir framsal skv. 1. mgr. greinar þessa samkomulags. Heildarlóðin að Mosavegi 15 er í eigu Reykjavíkurborgar samkvæmt afsali dags. 8. júlí 1943. Áformað er að ganga frá leigusamningi til 50 ára við ríkissjóð samhliða afhendingu í samræmi við 5. gr. samkomulagsins vegna lóðarinnar, eins og lóðin verður eftir framsal skv. 1. mgr. greinar þessa samkomulags.

### 2.2. gr. Lóðahlutar við Laxalón

Ríkissjóður framselur eignarhald til Reykjavíkurborgar um **7.950 m<sup>2</sup>** lóðarhluta ríkisins við Laxalón í Reykjavík. Nánar tiltekið er um að ræða tvo lóðarhluta, austur- og vestur hluta, sem liggja sunnan við Vesturlandsveg og Keldnalandið, innan þeirrar afmörkunar á fyrirliggjandi uppdrætti (fylgiskjal 4). Lóðarhlutarnir tveir eru óstofnaðir og óskráðir í fasteignaskrá Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar og mun Reykjavíkurborg annast gerð endanlegra mæliblaða, sem og stofnun þeirra í fasteignaskrá.

### 2.3. gr. Lóð við Þjórsárgötu

Ríkissjóður framselur eignarhald til Reykjavíkurborgar um **1.670 m<sup>2</sup>** lóð ríkisins við Þjórsárgötu í Reykjavík, innan þeirrar afmörkunar á fyrirliggjandi uppdrætti (fylgiskjal 5). Nánar tiltekið er um að ræða reit sem markast af Þjórsárgötu, Njarðargötu, Þorragötu og Reykjavíkurvegi og var áður hluti af flugvallarsvæði Reykjavíkurflogvallar, en lóðin hefur aldrei verið nýtt undir slíka starfsemi og er nú utan þess svæðis. Lóðin er óstofnuð og óskráð í fasteignaskrá Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar og mun Reykjavíkurborg annast gerð endanlegra mæliblaða, sem og stofnun lóðarinnar í fasteignaskrá. Reykjavíkurborg mun gæta þess að áformaðar framkvæmdir á lóðinni hafi ekki áhrif á starfsemi Reykjavíkurflogvallar.

### 2.4. gr. Reykjavíkurflogvöllur - lóðarhluti við Nauthólsveg vegna borgarlínu

Ríkissjóður framselur eignarhald til Reykjavíkurborgar um **4.500 m<sup>2</sup>** land í eigu ríkisins við Nauthólsveg í Reykjavík (n.t.t. L106748) vegna borgarlínu gegn öðru **4.500 m<sup>2</sup>** landi í eigu borgarinnar úr landi flugvallarins í Reykjavík (n.t.t. L106745), sbr. grein 1.4. Umhverfis- og skipulagssvið borgarinnar mun ganga frá breytingarblaði vegna landskiptanna (fylgiskjal 6).

### 2.5. gr. Laugavegur 162 – minnkun vegna borgarlínu.

Ríkissjóður framselur til Reykjavíkurborgar um **361,2 m<sup>2</sup>** lóðarhluta við Laugaveg 162 í Reykjavík. Nánar tiltekið er um að ræða skerðingu lóðarinnar vegna svæðis undir borgarlínu sem liggur innan þeirrar afmörkunar á fyrirliggjandi uppdrætti (fylgiskjal 7). Lóðarhlutinn tilheyrir heildarlóðinni að Laugavegi 162, L103042. Reykjavíkurborg mun annast gerð endanlegra mæliblaða til stofnunar lóðarhlutans í fasteignaskrá.



### 3. gr. Samantekt

Samkvæmt 1. og 2. gr. samkomulags þessa, gera Ríkissjóður og Reykjavíkurborg með sér makaskipti á lóðum og lóðarhlutum í Reykjavík. Makaskiptin miðast við að aðilar mætist að jöfnu miðað við heildarfermetratölu lóðanna og lóðarhlutanna, skv. neðangreindi töflu:

Ríkissjóður Íslands	m2	Reykjavíkurborg	m2
Laxalón	7.950 eignarland	Hólmsheiði	9.000 eignarland
Þjórsárgata	1.670 eignarland	Land við Reykjavíkurlflugvöll	4.500 eignarland
Borgarlína við Nauthólsveg	4.500 eignarland	Fossaleyfir 17, stækkun	2.412 leigulóð
Mosavegur 15, minnkun	6.200 leigulóð	Lóð við Sæbraut og Laugarnesveg	500 leigulóð
Skerðing lóðar við Laugaveg 162	361 leigulóð	Ótilgreind lóð undir almannaþjónustu	4.269 leigulóð
<b>Samtals</b>	<b>20.681</b>	<b>Samtals</b>	<b>20.681</b>

### 4. gr. Breytingar á skipulagi

Vegna makaskipta samkvæmt samkomulagi þessu mun Reykjavíkurborg annast endurskoðun á deiliskipulagi og eftir atvikum aðalskipulagi borgarinnar, sé þörf á því, í samvinnu við fjármála- og efnahagsráðuneytið f.h. ríkissjóð, eða þann sem ráðuneytið tilnefnir á vegum ríkisins til að annast þau samskipti. Við gerð deiliskipulags skal m.a. skilgreina byggingarheimildir, umferðartengingar og fjölda bílastæða með hliðsjón af fyrirhugaðri og núverandi starfsemi á lóðunum. Deiliskipulag skal taka mið af áherslum Reykjavíkurborgar sem birtast í gildandi aðalskipulagi.

Breytt byggingarmagn og nýtt deiliskipulag á lóðunum er háð samþykki borgarráðs og umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkurborgar.

Komi til þess að nýtt deiliskipulag verði samþykkt verða gefin út endanleg mæliblöð og önnur skjöl undirrituð vegna frágangs á makaskiptunum. Reykjavíkurborg skal sjá til þess að endanleg mæliblöð verði gerð og lögð fyrir Ríkissjóð til samþykktar.

### 5. gr. Afhending

Afhending lóða og lóðarhluta skv. 1. og 2. gr. fer fram þegar stofnun þeirra liggur formlega fyrir í fasteignaskrá Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar. Stofnun lóða skal fara fram eigi síðar en þriggja mánaða frá undirritun samkomulags þessa að frátalinni lóð sem kemur fram í grein 1.2.

Lóðir og lóðarhlutar, og því sem þeim fylgir og fylgja ber skv. samkomulagi þessu, er afhent í núverandi ástandi sem aðilar hafa kynnt sér og sætt sig við.

### 6. gr. Annað

Aðilar skulu sýna hvor öðrum gagnkvæma tillitssemi og leggja sig fram um að finna lausnir ef upp koma vandkvæði varðandi þau atriði sem nefnd eru í samkomulagi þessu.

Samkomulag þetta er gert með fyrirvara um samþykki borgarráðs.


Af samkomulagi þessu eru gerð tvö samhljóða einstök, eitt handa hvorum aðila.

Öllu framangreindu til staðfestu rita aðilar undir samkomulag þetta.

*Handwritten signatures:* Dunk, Jón

Reykjavík, 28. apríl 2026.


  
F.h. Reykjavíkurborgar

  
F.h. Ríkissjóðs Íslands


Fylgiskjöl:

1. Breyting á deiliskipulagi Fossaleynismýri vegna Fossaleynis 17, dags. 12. desember 2025.
2. Breytingarblað, Laugarnesvegur, ódagsett.
3. Mosavegur 15 – Skerðing lóðar, dags. 25. ágúst 2025.
4. Laxalón, hnitaskrá, dags. 18. ágúst 2025.
5. Þjósárgata – Lýsing/forsögn, dags. 11. september 2017.
6. Reykjavíkurlflugvöllur – Tillaga að breyttum lóðamörkum, dags. 13.10.2025.
7. Borgarlína við Laugaveg 162 – Tillaga að breyttum lóðamörkum, dags. 30. ágúst 2024.


# Breyting á deiliskipulagi Fossaleynismýri vegna Fossaleynis 17.




GILDANDI DEILISKIPULAG MKV 1:1500



TILLAGA AÐ BREYTTU DEILISKIPULAG MKV 1:1500



SKÝRINGARMYND



AÐALSKIPULAG REYKJAVÍKUR 2040

## Skýringar

- - - Mörk deiliskipulagsbreytingar
- Lóðarstækkun Fossaleynir 17
- Lóðarmörk
- Lóðarmörk felld út
- Byggingarreitur
- Núverandi byggingar
- Viðbætur við núverandi húsnæði
- Áætluð hækkun og þakbreyting
- Lega 3m hárrar girðingar skv. samngi
- Göngustígur
- Kvöð um fráveitulagnir Veitna

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur

meðferð í samræmi við ákvæði 2. mgr. 43. gr.

sbr. 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var

samþykkt í/á \_\_\_\_\_

þann \_\_\_\_\_ 20\_\_.

Tillagan var grenndarkynnt frá \_\_\_\_\_ 20\_\_.

með athugasemdarfesti til \_\_\_\_\_ 20\_\_.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í

B-deild Stjórnartíðinda þann \_\_\_\_\_ 20\_\_.

breyting: | skýring: | dags.: | teiknað:

**KANON**  
ARKITEKTAR

Grandagarði 16 • 101 Reykjavík • sími 512 4210 • kanon@kanon.is • www.kanon.is

## FOSSALEYNSMÝRI

Deiliskipulagsbreyting			
mkv.:	teiknað be	yfirfarið þm	
<b>1:1500</b>			
verknr.	teikn. nr.	útgáfa	dags.:
<b>25-19</b>	<b>K04_H1_E01_N01</b>		<b>12.12.2025</b>
bls. 1	skrá: 25-19 Deiliskipulagsbreyting.vwx		

## GREINARGERÐ

### Skipulag í gildi

**Aðalskipulag:** Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin og byggingin við Fossaleyni 17 borgarluta 8 Grafarvogi og er á skilgreindu miðsvæði (M10).

**Deiliskipulag / HverfisSKIPULAG:** Í gildi er deiliskipulag fyrir Fossaleynismýri, samþykkt í borgarráði 7. febrúar 1995, (dags.) með síðari tíma breytingum. Þann 8. mars 2019 var gerð breyting á deiliskipulagi Fossaleynismýri fyrir lóð nr. 17 vegna nýrrar lóðar fyrir færanlegt bráðabirgðahúsnæði.

### Stærðir skv. gildandi deiliskipulagi

**Fossaleynir 17**  
Lóð: 3.781m<sup>2</sup>  
Núverandi meðferðarheimili: 979,9 m<sup>2</sup>  
Afmarkaður byggingarreitur fyrir bráðabirgðahúsnæði: 200m<sup>2</sup>  
Nýtingarhlutfall: 0,26  
Fjöldi bílastæða á lóð: 22

### Tillaga að breytingu á deiliskipulagi

Fyrirhuguð er breyting á starfsemi Stuðla. Í stað meðferðarheimilis og neyðarvistunar fyrir ungmenni 12-18 ára, verður Stuðlum breytt í **félagslega bráðamóttöku ungmenna (FBU)**. Gerðar verða talsverðar breytingar á núverandi húsnæði til að það þjóni skjólstæðingum og starfsfólki sem best. Grunnflötur stækkar lítillega og byggð verður tækniæð ofan á hluta þess. Deiliskipulagsbreytingin gerir einnig ráð fyrir stækkun lóðarinnar að Fossaleyni 17 til norðurs um 2.412m<sup>2</sup>. Stækkunin er tilkomin m.a. vegna innleiðingu öryggisstaðla og til að tryggja betur friðhelgi starfseminnar. Markmið stækkunarinnar er jafnframt að tryggja nægilegt svigrúm til framtíðar fyrir starfsemi FBU.

Lóðarstækkunin er til norðurs á svæði sem áður var frátekið fyrir aðkomu að kirkjugarði. Slíkar hugmyndir eru ekki lengur til staðar og eru því ekki fyrirstaða varðandi annarskonar landnýtingu. Svæðið sem um ræðir er fremur þýft með grasþekju og einstaka runnagróðri. Það hallar til austurs að útivistarsvæðum við Úlfarsá.

Lóðinni verður skipt upp í skýrt afmörkuð útisvæði. Áhersla verður á uppbyggingu garðsvæða nærri vistarverum skjólstæðinga og starfsmanna. Svæði fyrir íþróttaiðkun er stækkað og eflt. Lóðin hefur áfram græna ásjúnd, bílastæði verða með gegndræpu yfirborði og fyrirkomulag afvötnununar (söfnun, seinkun og viðtakar) yfirborðssvæða verður innan lóðarmarka. Reiknað er með aðstöðu til útiræktunar og viðhalds garðsvæða.

